

FISK-Seafood ehf  
Háeyri 1  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 7. október 2020  
UST202003-101/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 1.7.2020, hjá FISK-Seafood ehf.**

Þann 1. júlí fór fram eftirlit í fiskeldi FISK-Seafood ehf., Hjaltadal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Ein ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávík kom fram er varðar:**


1. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert vegna undangengins árs. Ársyfirlit vegna 2019 barst 20. apríl 2020. **Frávikinu telst því lokið.**

**Umhverfisstofnun bendir á að til rekstur fiskeldisstöðvar þarf bæði gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og rekstrarleyfi frá MAST. Undanþága frá starfsleyfi er í gildi, en þó ekki lengur en til 1. júlí nk. Rekstrarleyfi rekstraraðila rann út þann 24. júní sl.**

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur



Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra  
Afrit: Matvælastofnun

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
FISK Seafood hf.	1.7.2020	Hjaltadal	2
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
461289-1269	1.5.2020	nei	Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Starfsleyfið var gefið út með heimild til 500 tonna bleikju til manneldis og 1.000.000 seiða á ári. Skv. gögnum rekstraraðila var framleiðslan á árinu 2019 219 tonn, þar af matfiskur 144 tonn og seiði um 74 tonn (um 417 þús stykki) og um 1 tonn í afföll.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Starfsleyfi var framlengt til 1. maí 2020. 1. júlí 2020 var veitt tímabundin undanþága frá starfsleyfi á meðan starfsleyfisvinnslu stendur, en þó ekki lengur en til 1. júlí 2021. Starfa skal í samræmi við ákvæði eldra starfsleyfis frá febrúar 2007. Breyting hefur orðið á því að ekki er alinn matfiskur lengur heldur einungis seiði til áframeldis í stöð fyrirtækisins í Þorlákshöfn. Tekið hefur verið til umhverfis stöðina. Búið er að loka ljósavél af með eldvarnarvegg, framkvæmdir hafa verið á gólfi við vatnsinntak. Tvöfaldur olfugeymir er til staðar og er komið steipt plan með góðum árekstrarvörnum.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar og innra eftirlit er í lagi.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. mars?		X		Skv. starfsleyfi áttu skil ársyfirlits að fara fram fyrir 1. mars sl. Ársyfirliti var skilað 20. apríl.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Grænu bókhaldi var skilað 20. apríl. Starfsemin á ekki að skila útstreymisbókhaldi.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Eru til staðar í gæðahandbók.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?	X			Var seinast haldinn 2018.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í gildi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Er í gæðahandbók.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfismarkmið eru til staðar. Minnt var á kosti þess að setja sér mælanleg markmið.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðurstuðull mun lækka þar sem ekki er alinn matfiskur lengur. Fóðrað er með klukkufóðururm eftir vaxtarlíkðnum í FarmControl. Fylgst er með hvernig seiðin taka.
Er skráning á losun fósórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Seinast var mælt í júní 2020, mælt var í inntaksvatni, í frárennsli fyrir og eftir settjörn, sem og ofan og neðan útrásar í Hjaltadalsá. Losun var einnig ákvörðuð frá fóðurnotkun. Eftirlitsaðili sendi leiðréttar formúlur og leiðbeiningar til ákvörðunar losunar í kg frá fóðri með fundarboði vettvangsheimsóknar og skilaði rekstraraðili inn leiðréttum losunartölum eftir

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

				<p>vettvangsheimsóknina ásamt uppfærðu ársyfirliti.</p> <p>Losunarmörk starsfleyfis eru 7 kg/framleitt tonn af fosfór og 60 kg/framleitt tonn af köfnunarefni. Losunarreikningar rekstraraðila, þar sem ekki er tekið tillit til áhrifa hreinsunar settjarna, gefa 6,6 kg P / framleitt tonn og 38,6 kg / framleitt tonn.</p>
<p>Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?</p>	X			<p>Ekki sást neitt óeðlilegt í frárennslis, olía, froða, fiskur né sorp.</p> <p>Einhver uppsöfnun lífrænna leifa er í frárennslislæk sem liggur frá útrás stöðvarinnar út í fyrri settjörnina og huga má að hreinsun hans.</p> <p>Ekkert óeðlilegt sást í settjörnum.</p>
<p>Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.</p>	X			<p>Frárennslislækur rennur frá stöðinni út í settjörn. Þaðan rennur vatnið í aðra settjörn og að lokum út í Hjaltadalsá.</p>
<p>Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).</p>	X			<p>Sjá hér að ofan.</p>
<p>Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.</p>	X			<p>COD, svifagnir, heildar N og heildar P var mælt ofan og neðan útrásar í sumar.</p>
<p>Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?</p>	X			<p>Dauðfiskur er frystur jafnóðum. Þegar hann er farinn að safnast upp er hann sóttur af Flokku. Þar er dauðfiskurinn nýtur í moltu.</p> <p>Samningur er við Fóðurfélagið ehf. Gránumóum ef til massadauða kemur.</p>
<p>Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?</p>	X			<p>Í lagi.</p>
<p>Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.</p>	X			<p>Í lagi.</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.	X			COD og svifagnir var mælt í júní sl.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Næstu mælingar eru áætlaðar í samræmi við nýtt starfsleyfi sem verið að er að vinna að. Sýni ehf. mældi seinast.

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit 2019. Tvær ábendingar voru gerðar.

<b>Samantekt:</b>	<p>Stöðin starfar á undanþágu frá starfsleyfi frá ráðherra. Umhverfisstofnun vekur þó athygli á því að rekstrarleyfi rekstraraðila rann út 24. júní sl. og til reksturs fiskeldisstöðvar þarf bæði gilt starfsleyfi og rekstrarleyfi frá MAST.</p> <p>Ábending var gerð þess efnis árið 2019 að ársyfirlit skyldi berast Umhverfisstofnun fyrir 1. mars ár hvert skv. starfsleyfi. Ársyfirlit vegna ársins 2019 barst ekki fyrir tilsettan tíma og er því skráð frávik þess efnis.</p> <p>Í stöðinni eru í dag einungis alin seiði. Búið er að hreinsa til á svæðinu.</p>
<b>Annað:</b>	<p>Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.</p> <p>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.</p> <p>Rekstraraðili sendi inn upplýsingar v. skráningar olfugeyma þann 16. september sl.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns:

*Hulda S. Jónasdóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## FISK Seafood ehf. Hólum í Hjaltadal



<b>Dags eftirlits</b>	1.7.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	FISK Seafood ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Hólum	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	461289-1269	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Amar Þór Ragnarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Stefanía Inga Sigurðardóttir	<b>Staðsetning</b>	494922,721 581709,174

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram við eftirlitið og ein ábending er gerð.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávík, ábendingar og úrbætur
- Starfsleyfisumsókn/undanþága ráðuneytis frá kröfu um starfsleyfi
- Umfang stöðvarinnar
- Skráningar sbr. gr. 3.1
- Úrgangur, spilliefni og lyf sbr. gr. 2.8 og 2.9 í starfsleyfi
  - o Meðhöndlun og skráningar
- Ársyfirlit (skil fyrir 1. mars) og grænt bókhald (skil fyrir 1. maí)
- Áætlanir, tilkynningar og markmið
  - o Umhverfismarkmið sbr. gr. 1.3
  - o Neyðar- og viðbragðsáætlanir v. rekstrarstöðvunar sbr. gr. 1.6 og 4.5
  - o Áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar sbr. gr. 4.3
- Frárennsli sbr. gr. 2.2-2.6 og 3.2-3.5
  - o Hreinsun
  - o Mælingar á frárennsli og viðtaka/vöktunaráætlun.
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Skoðun starfstöðvar og aðbúnaður
  - o Útrás frárennslis og settjörn
  - o Umgengni

#### Frávík frá

3.7 í starfsleyfi

#### Lýsing á frávíki

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert vegna undangengins árs. Ársyfirlit vegna 2019 barst 20. apríl 2020. Frávíkinu telst því lokið.

## ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að til rekstur fiskeldisstöðvar þarf bæði gilt starfsleyfi og rekstrarleyfi frá MAST. Undanþága frá starfsleyfi er í gildi, en þó ekki lengur en til 1. júlí nk. Rekstrarleyfi rekstraraðila rann út þann 24. júní sl.

## ANNAÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.

Rekstraraðili sendi inn upplýsingar v. skráningar olfugeyma þann 16. september sl.

Friðrik Steinsson var einnig viðstaddur eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.10.2020

*Hulda S. Jónasdóttir*  
Hulda Soffía Jónasdóttir